

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958 með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 25. þ. m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 17. júní 1958, fyrir Háskóla Íslands með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

32. gr. C orðist svo:

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 4 200.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 2 500.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1 200.00 krónur, en 500.00 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörslu stúdentaráðs, sem tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem stúdentaráð setur, og staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

#### 2. gr.

51. gr. b, 3. liður orðist svo:

Námskeið í latínu.

#### 3. gr.

52. gr. III orðist svo:

Heimspékideild heldur árlega námskeið í latínu, sem miðað er við byrjendur. Um tilhögun námskeiðsins setur deildin nánari reglur.

Stúdentum er frjálst að sækja námskeiðið, en heimilt er deildarráði að fengnum tillögum kennara og stúdenta í hverri prófgrein að áskilja skylduþátttöku stúdents í námskeiðinu, hafi hann ekki lokið námi í latínu a. m. k. samsvarandi námskeiðinu.

#### 4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 30. júní 1975.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*